

MAXI 5000

Fúgulaus iðnaðargólf / tæknilýsingablað



Maxi 5000 er hluti af heildarlausn Gólfagna í gólf og veggefnum fyrir matvælaíðnað.

Kostir:

- Mikið slit og höggþol
- Samskeytalaus
- Auðvelt að þrifa
- Hálfufrítt
- Mikið efnapól
- Mengar ekki matvæli, hvorki við lögn né eftir á.

Notkunarmöguleikar:

Maxi 5000 er fyrir svæði þar sem álag er mikið, svo sem í fiskmót-tökum sláturhúsum, kjötvinnslum, verkstæðum o.fl. Maxi 5000 er hægt að leggja í kverkar sem húlkíl.

Efnislýsing:

Maxi 5000 er þriggja þátta epoxy fjölíðuefni sem lagt er 3-4mm þykkt. Það samanstendur af lituðu leysi-efnalausum epoxy bindiefni og ýmist kvartssandi eða granit fylliefnum. Granit er með hörkuna 8 á Mohs scala, næst á eftir demanti að hörku.

Maxi 5000 fæst í 5 staðallitum samkvæmt litakorti og með misgrófri áferð.

Dæmi um eiginleika:

Eiginleikar Maxi 5000 hafa verið rannsakaðir og þá miðað við 20°C hitastig. Niðurstöður urðu eftirfarandi:

Styrkur:

- Brotstyrkur 88 N/mm²*
- Beygjupólsstyrkur 30 N/mm²*
- Togpólsstyrkur meiri en steypu
- Fjaðurstuðull ca 12222 N/mm²*
- Hitapensla við 20-50°C u.þ.b. 56x10-6/C
- Algerlega raka og vatnsgufupétt

Lagning Maxi 5000 samastendur af eftirfarandi verklíðum

1. Vanda undirbúning og hreinsun undirlags með demantslípun og eða Blastrachreinsun
2. Gruna með epoxy grunn eða BM rakagrunn og undirbúa undirlag
3. Epoxy massi er borinn á gólfið og stráð kvarts fylliefni.
4. Laust fylliefni er fjarlæggt af fletinum og gólfið toppfyllt með lituðu topplakki og hálkuvörn eftir þöfum og jafnað með rúllu.

Hörðunartími:

- Gangandi umferð - 24 klst.
- Flest umferð - 48 klst.
- Fullt álag - 7 dagar

Til athugunar:

Maxi 5000 gólfefnið er háglansandi sérstaklega fyrst eftir lögn þess, og glampar því alltaf á gólfefnið þartil það mattast af sjálfu sér og við notkun.

Maxi 5000 þolir hita upp að 60°C

Vinnsluferli:

Áður en Maxi 5000 er lagt er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga.

1. Að undirlag sé meira en 25N/mm² að brotstyrk. Að öðrum kosti þarf að styrkja undirlag með epoxy "impregneringu".
2. Því sléttara og betra undirlag, því sléttara gólfefni.
3. Að hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags.
4. Að lofthiti sé meiri en 18°C við gólf meðan á lögn stendur.

Lagning Maxi 5000 sem og annara fjölíðuefna er vandasamt verk og ætti einungis að vinnast af sérhæfðum verktökum sem kunna með efnin að fara, og hafa yfir að ráða réttum tækjakosti.

Gólfagnir er sérhæft fyrirtæki á þessu sviði og hefur langa reynslu og þekkingu sem tryggir góðan árangur.

Maxi 5000®